

**Fundargerð stjórnar BÍS 08/2016, miðvikudaginn 13. apríl 2016 kl. 17:30
í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110, Reykjavík.**

Mættir:

Bragi Björnsson skátahöfðingi, Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs, Ólafur Proppé formaður fræðsluráðs, Sonja Kjartansdóttir formaður fjármálaráðs, Una Guðlaug Sveinsdóttir formaður dagskrárráðs og Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri.

Fjarverandi: Fríður Finna Sigurðardóttir aðstoðarskátahöfðingi, Jón Þór Gunnarsson formaður alþjóðaráðs, Heiður Dögg Sigmarsdóttir formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri

Gestir: Dagbjört Brynjarsdóttir verkefnastjóri BÍS

Dagskrá:

- 1) **Setning:** Bragi bauð stjórnarmenn velkomna og setti fundinn.
- 2) **Fundargerð** síðasta fundar samþykkt.
- 3) **Yfirlit stjórnarmanna** – frestað til næsta fundar v/umfangsmikilla mála á dagskrá
- 4) **Meginviðfangsefni 1:** Stjórnarmeðlimir beðnir að kynna sér gögn í fylgiskjöllum um þessi efni, verður afgreitt á næsta stjórnarfundi:
 - a. Starfsreglur stjórnar
 - b. Starfsrammi stjórnar og starfsumgjörð, meginviðfangsefni ársins
 - c. Samskipta- og verklagsreglur
- 5) **Meginviðfangsefni 2:**
 - a. Fjármál og fjárhagsáætlun LM og WSM. Frestað til næsta fundar vegna margra mála á dagskrá.
- 6) **Mál til kynningar:**
 - a. **Staða skátafélaganna** lagt fram. Dagbjört Brynjarsdóttir verkefnastjóri hjá BÍS fór yfir stöðu skátafélaganna, sjá glærur í fylgiskjöllum fundarins. Óskað er eftir yfirliti yfir þátttakendur Gilwell skipt niður á skátafélög.
 - b. **Starfsyfirlit starfsmanna** lagt fram.
- 7) **Mál til bókunar:**
 - a. **Kalla saman skátarétt v/reglugerðar.** Rætt um hver ætti að semja reglurnar og hvort Skátaping ætti að samþykkja þær áður en þær taka gildi. Rætt að mikilvægt sé að skýra hlutverk skátaréttar betur og hafa skýrar reglur um málsmeðferð. Lögð er áhersla á að drög að slíkum reglum liggi fyrir áður en næsta Skátaping hefst. Stefnt er að því að vinna við það hefjist eigi síðar en á haustmánuðum.
 - b. **Fjórar fundargerðir** (Úlfljótsvatn, samninganefnd Úlfljótsvatn sf, Landsmót skáta og WSM) lagðar fram.

8) Önnur mál

- a. **Bland í poka.** Laugar bókaðir 9.-11 september. Óhentug helgi? Senda út spurningalista? BÍS beðið að athuga Reyki í Hrótafirði, hvort eitthvað er laust, tékka á helgum fyrir og eftir þessa helgi.
- b. **Starfsreglur stjórnar 7. gr.** Hefur endurmat átt sér stað og skoðanakönnun framkvæmd? Umræðu frestað til næsta fundar. SÁ skoðar.
- c. **Skátadagatalið** – Frá hausti til hausts? Rafrænt? Stjórnarmenn hallast almennt að því að rafrænt dagatal henti betur að því gefnu að dagskrá BÍS ca. 18 mánuði fram í tímann liggja fyrir, dagskráin verði tekin fyrir á stjórnarfundum á 3ja mánaða fresti og alltaf fyrirbyggjandi 18 mánaða dagskrá. Ákvörðun frestað til næsta fundar.
- d. **Stefnumótun** – staðan á verkefnum 2016? Stjórnarmeðlimir beðnir að skoða fylgiskjöl um stefnumótun og verkefnalista og farið verður yfir þetta á næsta fundi.

Fleira ekki rætt. Næsti fundur verður 27. apríl kl. 17:30.

Fundi slitið kl. 20:13. Fundargerð ritaði SÁ.